

Reiðivísur Soffíu

Kristján frá Djúpalæk þýddi

Thorbjörn Egner

Ja, fuss - um svei, ja, fuss - um svei, mig furð - ar þett - a rót. Í
B \flat F G 7 C 7

hverj - u skot - i skúm og ryk og skran og rusl og dót en
C 7 F G 7 C

Jesp - er skal nú skít - inn þvo og skrap - a ó - hroð - ann og
F F C 7 F C 7 F

hann má því næst hlaup - a út að hjálp - a Jón - a - tan.

En Kasper brenni kula skal og kynda eldinn vel,
af heitu vatni hafa nóg ég heldur betra til.
Því Jesper bæði og Jónatan ég senn í baðið rek
og vilji þeir ei vatnið í með valdi þá ég tek.
Ræningjarnir: NEI! Soffía: JÚ!

Því andlit þeirra eru svört, já, eins og moldarflag,
og kraftaverk það kalla má að koma þeim í lag.
Ef sápa ekki segir neitt ég sandpappír mér fæ
og skrapa þá og skúra fast uns skitnum burt ég næ.
Ræningjarnir: NEI! Soffía: JÚ!

Og þrenningin skal kynnast því að kona hefur völd,
þeir komast ekki framhjá því að vinna fram á kvöld.
Og engum skal ég líða það að brúka munn við mig
og mögla gegn því sem ég býð, þeir skulu vara sig.
Ræningjarnir: NEI! Soffía: JÚ!